



Afstöðumynd

1 : 500

Byggingarlýsing:

HRINGHAMAR 27 OG 29 HAFNARFIRÐI
Landeignarnúmer L231982. Matshlutar 01(fjölbýli) og 02 (djúpgámar).
Sótt er um leyfi til að reisa 2 íbúðarhús og bílgeymslu í 1 matshluta. Aðaluppdrættir þessir eru í samræmi við gildandi deiliskipulag og samræmast Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Helstu stærðir: Stærðir (A-rými):	m² (brúttó)	m² (brúttó)
Kjallari	1528,2	4783,7
(Þar af bilakjallari	808,4	2406,6)
Hæð 1	790,3	2229,1
Hæð 2	808,4	2287,4
Hæð 3	808,4	2279,2
Hæð 4	808,4	2279,2
Hæð 5	808,4	2533,6
Samtals	5552,1	16701,0
Stærðir (B-rými):	282,2	-

Stærð lóðar er 3106,6m².
Brúttó-m² er reiknað með nýtingarhlutfalli ofan- og neðanjarðar (A- og B-rými): 5552,1+282,2=5834,3m²
Brúttó-m² er reiknað með nýtingarhlutfalli ofanjarðar (A- og B-rými): 4023,9+282,2=4306,1m²

Nýtingarhlutfall ofan- og neðanjarð með bilakjallara: 1,88
Nýtingarhlutfall ofanjarðar: 1,39
Nýtingarhlutfall neðanjarðar: 0,49
Þar af nýtingarhlutfall bilakjallara: 0,26

Ábyrgðir einstakra hönnunarpátta eru hjá eftirfarandi hönnuðum:
Aðaluppdrættir og sérteikningar arkitekta: Yrki ehf. Kt. 560997-3109

Burðarvirki: *Riss verkfræðistofa Kt:670515-1330*
Vatns-, hita- og fráveitulagnir:*Riss verkfræðistofa Kt:670515-1330*
Loftrásilagnir: *Riss verkfræðistofa Kt:670515-1330*

Raf- og fjarskiptalagnir og lýsing: *Raftækniþjónusta Trausta Kt: 220146-2439*
Brunaöryggi, vatnsúða- og slökkvikerfi: *Örugg verkfræðistofa Kt:450220-1160*
Hljóðhönnun: *Mannvit Kt: 430572-0169*
Hönnun mannvirkisins er í samræmi við ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerðar nr.112/2012 með áoröðnum breytingum, síðast nr. 1321/2021.

Almennt:
Á lóðina Hringhamar 27-29 verða reist tvö fjölbýlishús ásamt sameiginlegum bilakjallara. Fjölbýlishúsin eru áþekkt að útliti og gerð. Þau eru 5. hæða steinsteyppt fjölbýlishús, auk kjallara, en þar eru staðsettar sérgeymslur og inngangur frá bílgeymslu. Samtals eru 48 íbúðir á lóðinni, 24 íbúðir í sitt hvoru húsi. Fjórar íbúðir eru á jarðhæð auk hjólageymslu en 5 íbúðir eru á hverri hæð á 2.- 5. hæð. Hvert hús hefur einn stiga- og lyftukjarna. Einn kjallari er hýsir bílageymslu er á milli húsanna. Innkeyrslan er frá suðvestri. Bílgeymslan tilheyrir báðum húsum og er eigna- og umferðarréttur bílgeymslu sameiginlegur fyrir íbúðarhúsin Hringhamar 27 og 29. Inntráskýrni eru einnig staðsett í kjallara húsanna sem og tæknirými fyrir vatnsúðakerfi bílgeymslu.

Stefnt er að því að fjölbýlishúsin fái Svansvottun við lok verks og verður unnið út frá Svansvottunarstaðali í útgáfu 3.

Byggingarefni:
Útveggir:
Húsin eru staðsteyppt með járnbentri steinsteypu og einangruð að utan með 120mm steinullareinangrun. Bæði húsin verða klædd með tvenns konar loftaðri málmklæðningu á undirkerfi, sléttum kasettum á hæðaskilum og báraðri á milli. Litur klæðningarinnar verður í jarðtónalit, sittthvor lítur á húsi.
Útveggir kjallara eru steinsteyppt og einangraðir að hluta með 100mm frauðplast en utan á einangrun kemur drendúkur. Þar sem kjallaraveggar stendur upp úr jörðu undir húsum, er hann einangraður og klæddur sömu klæðningu og er á húsum. Sökkjar húsanna eru einangraðir að utan með 100mm sökkplötum.
Veggir bílgeymslu sem liggja að jarðvegi eru óeinangraðir en þar sem veggir liggja að beggjum kjallara húsanna er 25mm steinull. Bílgeymslu er haldið frostfríri með 100mm HeraKit einangrun undir loftplötu.

Gólf - loftaplötur:
Gólfplötur milli hæða íbúða eru 60mm forsteypptar filigranplötur með 180mm ásteypulagi. Loft yfir bílageymslu eru staðsteypptar plötur 340mm, bornar af súlum. Plata yfir bílgeymslu er vatnsvarin með þakdúk á ásteypulag. Yfirborðsfrágangur innan lóðar og ofan á þaki bílgeymslu er einnig gegntak, malbik, grasþökur og heilur. Þar sem íbúðir eru yfir bílageymslu eru einangrað með harðpressaðri 200mm steinullareinangrun neðan á loft og klætt með plötum í flokki 1. Grunnplata bílgeymslugólfs er úr steinsteypu og óeinangruð, en gólfhiti er í akstursleiðum og snjóbræðsla í skábraut innkeyrslu.

Þak:
Þakplata yfir 5. hæðinni er steyppt með halla fyrir 150mm frauðplast + 50mm harðpressaða steinull sem er klædd með tvöföldum víðurkenndum þakdúk sem er skruður fastur niður í stein. Þakniðurföll eru staðsett bakvið klæðningu. Þakvirki er byggt úr 60mm forsteyptri filigran plötu og misþykku ásteypulagi. Þakplata íbúða er filigranplata með misþykku ásteypulagi fyrir vatnshalla, klædd með víðurkenndum vatnsþéttum þakdúk. Drendúkur og einangrun er lögð ofan á þakdúk Einangrun sem uppfyllir kröfur byggingareglugerðar er lögð ofan á plötu og þakdúkur þar yfir. Farg ofan á einangrun þaka eru gróðurþökur af tegundum sem þurfa litla umhirðu, eins og lágvöxnum gróðri eða grasi.

Innveggir:
Veggir milli íbúða eru staðsteyptrir, sandspartlaðir og málaðir. Innveggir innan íbúða eru ýmist staðsteyptrir, sandspartlaðir og málaðir eða gipsplötuklæddar málmgrindur með víðeigandi einangrun og frágangi vegna hljóðvistar og eldvarna. Í slighúsi eru veggir heilspartlaðir og málaðir. Steypir innveggir bílgeymslu eru rykbundnir og málaðir. Veggir milli geymslna/geymslugangs í sameign eru gerðir úr timburstöðum og klæddir beggja vegna með plötum í flokki 1. Veggjaklæðningar á geymslugangi enda 10cm frá lofti/gólf.

Gluggar:
Gluggar og úthúðir íbúða eru ál/trégluggar með tvöföldu einangrunargleri með víðeigandi U-gildi. Úthúðir í anddyrum eru úr áli. Litur glugga og úthúða í samræmi við lit klæðningar. Öryggisgler verður í öllum gólfstöðum gluggum.

Inngangsdýr/útidyr og svala-/garðdyr.
Umferðarbreidd allra inngangsdýra og svaladyra á útvegjum eru í samræmi við ákvæði reglugerðar og í samræmi við notkun. Hindrunarlatus umferðarbreidd er að lágmarki 0,83m og umferðarhæð að lágmarki 2,07m. Öll hönnun og frágangur miðast við að frágangur utan við, og innan við inngangs-/útidyr sé í fleti, þ.e. á jafnsléttu með hámarks hæðarmun upp á 25 mm. Þessi frágangur á við um allar útidyr í íbúðarhúsum. Hurðir í sameign eru útbúnar þannig að allar, þar með talið fólk í hjólastól, geti opnað þær án erfiðleika. Ef þörf krefur vegna hreyfihamlaðra íbúa verða inngangsdýr þeirrar íbúðar útbúnar með rafknúnni hurðarlökum.

Handrið:
Handrið á svölum verða úr stáli. Allur frágangur og allar stærðir á handriðum og handlistum er í samræmi við ákvæði greinar 6.5.1 og 6.5.2 í byggingarreglugerð. Handrið í stigahúsum verða úr stáli.

Aðengismál:
Allar íbúðir hússins geta uppfyllt forsendur algildrar hönnunar. Lyfta er í húsinu sem tengir allar hæðir hússins. Innan íbúða er unnt að breyta innréttingum lítilega til að gera hreyfihömluðum betur kleift að nýta íbúðina, t.d með því að breyta eldhús- og baðinnréttingum til að mæta þörfum hvers og eins. Aðalinnangangar í hvert stigahús fyrir sig eru þannig gerðir að hreyfihamlaðir eigi þar greiðan aðgang. Hæðarjöfnun er við allar inngangsdýr.

Lyfta:
Lyfta sem tengir allar hæðir er í sitt hvoru húsinu. Lyftur uppfylla gr. 6.4.12. í byggingareglugerð nr. 112/2012. Lyftustokkar verða loftræstir.

Lóð:
Lóðin er sameiginleg fyrir bæði húsin. Úti- og dvalarsvæði íbúa eru staðsett á milli húsa og teygja sig til suðurs. Norðan megin á milli húsanna ofan á bilakjallara eru malbikuð bílastæði. Bílastæði sunnan megin á lóð sem ekki eru ofan á bilakjallara eru með gegndræpu yfirborði. Bílastæðin tengjast inngöngum beggja húsa með göngustígum með snjóbræðslu. Lóð er áhersla á algilda hönnun þar sem aðgengi allra er tryggt að inngöngum og stigagöngum frá bílastæðum. Pállar íbúða á jarðhæðum eru afmarkaðir með hellulöguð yfirborði. Ekki er heimilt að loka af verönd út á móti garði með skjólveggjum. Stigar og önnur yfirborðsefni eru með gegndræpum yfirborðsefnum þar sem því verður komið fyrir.

Sorp:
Djúpgámur fyrir sorp verður komið fyrir skv. deiliskipulagi og munu þeir tilheyra báðum húsum við Hringhamar 27 og 29. Á uppdráttum er gert ráð fyrir einni djúpgámabyrpingu. Gert er ráð fyrir 4 flokkum í djúpgámum, þremur 5m³ fyrir blandað sorp, plast og pappir og einum 3m³ fyrir lífrænt sorp.

Bílastæði:
Þörf á bílastæðum samkvæmt deiliskipulagi :
Íbúðir minni en 80m² nettó: 1 stæði/íbúð
Íbúðir minni en 80m² nettó: 1 1/2 stæði/íbúð

Allar íbúðir eru minni en 80 m² nettó og er því þörf á 48 bílastæðum
Bílastæði í bílgeymslu neðanjarðar eru 29 stæði þar af eru tvö stæði fyrir hreyfihamlaða. Bílastæði ofanjarðar á lóð eru 22 stæði, þar af eru tvö stæði fyrir hreyfihamlaða.
Samtals er 51 stæði innan lóðar, þar af eru 4 stæði fyrir hreyfihamlaða.
Við bílastæði utanhúss skal gert ráð fyrir mögulegri tengingu vegna hleðslu rafbíla - hægt verði að setja upp tengisúlur með tengingu fyrir 1-2 rafbíla. Bílastæði í bilkjallara hafa möguleika á raftengingu.

Hjóla og vagnageymslur:
Hjóla og vagnageymslur eru í hvoru húsi, staðsettar á jarðhæð við innganga. Þar er pláss fyrir 36 hjól í hvorri geymslu.

Kólnunartölur:
Nýbyggingin uppfyllir kröfur byggingareglugerðar um kólnunartölur, U-gildi í samræmi við töflu 13.01.

Byggingarhluti	Leyft hámark U-gildis (W/m²K)	
	Ti ≥ 18°C	18°C >Ti ≥10°C
Þak	0,20	0,30
Útveggur	0,40	0,40
Léttur óvegur	0,30	0,40
Gluggar (karmar, gler vegið meðaltal, k-gler)	2,0	3,0
Hurðir	3,0	engin krafa
Ofanljós	2,0	3,0
Gólf á fyllingu	0,30	0,40
Gólf að öpppithuðu rými	0,30	0,40
Gólf að ótíofiti	0,20	0,40
Útveggir, vegið meðaltal (veggfletir, gluggar og hurðir)	0,85	engin krafa

Burðarvirki:
Húsið er grundað á frostfria þjappaða fyllingu. Undirstöður og botnplata eru úr járnbentri steinsteypu. Útveggir eru steinsteyptrir og einangraðir að utan. Gólfplötur eru 240 mm staðsteypptar plötur. Þakplata er 200 mm þynnst með 140 vatnshalla. Svalir eru staðsteypptar og eða forsteypptar. Stigar milli hæða eru forsteyptrir. Loftaplata yfir bilakjallara er staðsteyppt, 350mm á þykkt. Tvöfalir veggir eru milli bilakjallara og kjallara húss. Lárétt álág á byggingu, s.s. vegna jarðskjálfta og vinds, er tekið upp með steypnum veggjum.

Lagnir/Lagnastokkar:
Inntök lagna eru í lagnarými í kjallara. Fráveitukerfi hússins er tvöfalt kerfi, regnvatn og skólp. Stofnlagnir fyrir þrifa, neysluvatns, hita og loftræsilagnir liggja í lagnastokkum upp eftir hæðum hússins. Upphitun hússins verður með hitaveitu og ofnakerfi. Setja skal varmaskiptir á neysluvatn til að tryggja að heitt vatn verði ekki heitara en 65°C. Þar sem lagnir ganga í gegnum veggja eða hæðaskil skal gæta þess að ryka ekki bruna eða hjóðkröfur á milli byggingarhluta. Snjóbræðslalagnir verða í helstu gönguleiðum, bílastæði fatlaðra og völdum plönum. Varmi frá affalli hússins verður nýttur í snjóbræðslukerfi ásamt innspýtingu. Í bilakjallara verður sjálfvirk vatnsúðakerfi. Nota skal víðeikend og vottuð lagnaefni sem uppfylla ýrustu kröfur skv. gildandi stöðlum og reglugerðum.

Loftrásing:
Allar íbúðir verða loftræstar vélrænt með inn og út/blæstri. Einnig er gert ráðfyrir vélrænni loftræsingu í geymslum og bílgeymslu. Í bílgeymslu verður einnig gert ráð fyrir útsöskerti fyrir mengaði lofti. Stigagangar eru loftræstir með opnanlegum fögum og loftræsingu. Lyftustokkur er loftræstur upp úr þaki sem svarar til 1,0% af flatarmáli lyftustokks.

Raflagnir:
Raf- og fjarskiptalagnir:
Raflagnir verða hannaðar í samræmi við gildandi Byggingarreglugerð og ÍST 200:2006. Raflagnaefni verður allt fyrsta flokks. Rofar, tenglar og annar búnaður verður eins í útliti og úr sömu framleiðslulínu. Allt efni og búnaður er CE merktur. Allar lagnir eru innfelldar í steypu nema lagnir í bilakjallara, sem eru utanaliggjandi í kapalstígum og nestistígum. Aðalstöflur verða í inntaksrýmum. Heimtaug fyrir nr. 27 verður 100A en heimtaug fyrir nr. 29 ásamt bilakjallara og lóð verður 315 A. Greinatöflur verða í öllum íbúðum. Töflur fyrir smáspennu verða einnig í inntaksrýmum. Ljósabúnaður er allur LED og ljóshitastig 3000 K. Allur ljósabúnaður verður CE merktur. Lýsing verður að lágmarki 300 lux. Út- og neyðarlýsing verður í bilakjallara, á geymslugöngum og stigahúsi skv. ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172. Útlýsing verður við úthúðir, á svölum íbúða og á lóð samkvæmt reglugerð. Lýsing á svölum og tenglar á svölum íbúða verða á lekalíðasjálvari.

Hleðslustöðvar:
Í bilakjallara eru lagnaleiðir frá aðaltöflu að hverju bílastæði. Gert er ráð fyrir pláss í töflum fyrir öryggi að hleðslustöðvum. Heimtaug í húsi nr. 29 er 315A þ.e. hún var stækkuð til að hægt sé að gera bílahleðslukerfi möguleg. Einnig verða sett ídráttarrör að bílastæðum á lóð fyrir væntanlegar hleðslustöðvar.

Brunavarnir
Brunavarnir eru samkvæmt greinargerð ÖRUGG verkfræðistofu nr. 3200-004-GRG-001-V01. Brunahönnun nær til hússins í heild.
Notkunarskilmálar vegna brunavarna
Í byggingunni verða íbúðir sem tilheyra notkunarflokki 3. Bilakjallari og geymslur íbúa í kjallara eru í notkunarflokki 1. Brunaálag skal vera undir 800 MJ/m².
Brunaviðvörðun
Í hverri íbúð skulu vera stakir reykskynjarar í samræmi við ÍST EN 14604, lágmark einn skynjari á hverja 80 m². Mælt er með því að íbúar setji upp reykskynjara í hvert rými fyrir utan baðherbergi. Í bilakjallara og geymslum verður sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi. Bilakjallari er varinn með vatnsúðakerfi sem vaktað er af stjórnsíðstöð brunaviðvörðunarkerfis og kemur í stað reykskynjara á því svæði, en þar verður að auki brunaviðvörðun með handböðum og hjóðgölgjum samkvæmt leiðbeiningum HMS og ÍST EN 54. Í föttaleiðum í kjallara, í stigahúsum og á gangi fyrir framan lyftu verður einnig sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi. Stjórnsíðstöð brunaviðvörðunarkerfis verður staðsett í bilakjallara við aðkomu slökkviliðs við ramp þar sem gengið er inn í bilakjallara. **Sjálfvirk slökkvikerfi**
Sjálfvirk vatnsúðakerfi verður sett upp í bilakjallara byggingarinnar í heild. Hönnun vatnsúðakerfis skal vera skv. ÍST EN 12845 og ÍST EN 12259 ásamt tilheyrandi fylgiritum. Vatnsúðakerfið verður tengt stjórnsíðstöð brunaviðvörðunarkerfis. Kerfið verður almennt í áhættuflokki OH2 og nota skal hraðopnandi úðahausa. Geymslur sem opnað inn í bilakjallara eru varðar með vatnsúðakerfi. Innðælingarstútar eru staðsettir á jörðu fyrir ofan sprinklerklefa, merkja skal innðælingu skv. reglum um sjálfvirk vatnsúðakerfi. **Handslökkvibúnaður**
Handslökkvítæki skv. ÍST EN 3 skulu vera staðsett í hverri íbúð, á öllum geymslugöngum, við föttaleiðir í bilakjallara, í hjólageymslu og í tæknirými. Slökkvítæki skulu almennt vera 6L léttvatnstæki með slökkvigtu a.m.k. 21A og 144B. Handslökkvítæki í íbúðum skulu vera 6L léttvatnstæki með slökkvigtu a.m.k. 21A og 183B. Í bílgeymslu eru þrjú 5kg dufttæki með slökkvigtu ABC staðsett við föttaleiðir. Í hjólageymslu og tæknirými skulu vera eitt 5 kg kolsýrutæki með slökkvigtu a.m.k. 50B og eitt 6L léttvatnstæki með slökkvigtu a.m.k. 21A og 144B.

Neyðarlýsing og leiðarmerkingar
Ekki er krafa um leiðarmerkingar á íbúðarhæðum byggingarinnar en í bilakjallara og á geymslugöngum skulu vera útmærki staðsett amk á þeim stöðum sem aðaluppdrættir sjána. Í byggingunni skulu leiðarmerkingar og neyðarlýsing vera skv. leiðbeiningum HMS, ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172. Svæðislýsing (>0,5 lux) í bílgeymslum og aðliggjandi geymslum. Neyðarlýsing (1 lux) á lokuðum geymslugöngum, miðlínu föttaleiða á opnum svæðum og á gangi fyrir framan stigahúsi. Neyðarlýsing (5 lux) er í stigahúsum og þar sem öryggisbúnaður er staðsettur. **Rýming við eldsvoða**
Föttaleiðir eru sýndar á aðaluppdráttum. Hver íbúð hefur föttaleið annarsvegar um stigahús og hinsvegar út á svalir. Örugg bíðsvæði fyrir hreyfihamlaða verða á hverri hæð í stigahúsum og í sér rými við hlöðskúrshurðar, bíðsvæðin eru lágmark 1,5 x 0,8 metrar að stærð og eru með samskiptabúnaði. Vegalengdir föttaleiða eru innan marka byggingareglugerðar. **Dyr í föttaleið**
Allar hurðir í föttaleiðum skal vera hægt að opna innan frá án lykils eða verkfæra. Opnunarátti hurða er sýnd á aðaluppdráttum. **Klæðningar**
Flokkun klæðninga er skv. ÍST EN 13501-1. Klæðningar innanhúss eru K10 B-s1, d0 (flokkur 1). Gólfefni á föttaleiðum í flokki D-s1, gólfefni í stigahúsi í flokk C-s1. Utanhússklæðningar veggja eru almennt óbrennanlegar. Séu útveggir klæddir með loftræstri klæðningu skulu þær ásamt öllum efnum þeim tengdum uppfylla A2-s1,d0. Þakklæðningar skulu uppfylla B-s1,d0 (2). **Brunahólfun**
Brunahólfun er sýnd á aðaluppdráttum. Meginbrunahólfun er REI90. Bílgeymslur og tilheyrandi geymslur eru aðskildar frá öðrum húshlutum með REI90 skilum. Milli íbúða er REI90 brunahólfun en EI60 með E80-C₂₄₀ hurðum að stigahúsi. Gluggar verða útfærðir með a.m.k. EW30 frágangi skv. aðaluppdrætti þar sem sambrunahætta milli brunahólfra er til staðar. **Lyftur**
Lyfta er innan sama brunahólfs og gangur fyrir framan stigahús og er með E80-C hurðum að brunastöku/gangi. Merkja skal lyftu þannig að notkun hennar í eldsvoða sé bönnuð. Lyfta skal vera með 1 mreyklúgu í þaki sem opnað við brunabóð frá brunaviðvörðunarkerfi en er einnig opnanleg með rofa í anddyri á jarðhæð beggja húsanna og við aðkomu slökkviliðs. **Reyklosun**
Reyklosun stigahúsa er með 1m² reykklúgum í þaki, sem opnanlegar eru með rofa í anddyri á jarðhæð beggja húsanna. Reyklosun úr bilakjallara er um einn stökk með 1 m² virkri opnun og reyklosun úr geymslum er ein stökk með 1,15 m² virkri opnun. Reyklosun lyftusakts er með 1 m² reykklúgu í þaki. Reyklosun er annars almennt um glugga og dyr.


Stigleiðsla
Stigleiðsla verður í stigahúsum, með innðælingu utan frá á jarðhæð og tengjum fyrir framan stigahús á öllum hæðum (utan jarðhæðar). Frágangur skv. leiðbeiningum HMS nr. 9.8.5. **Loftrásing**
Hver íbúð er með sjálfstæðu loftræsikerfi. Brunahólfun loftræsikerfis skal uppfylla sömu kröfur og brunahólfun í byggingunni almennt (veggir og hæðarskil brunahólfra). Brunavarnir loftræsingar skulu vera skv. þeim ákvæðum DS 426 sem samræmast meginreglum byggingarreglugerðar og byggingarreglugerð gr. 9.6.14. **Aðkoma og aðgerðir slökkviliðs**
Byggingin er í um 6,5 km fjarlægð frá slökkvistöðinni við Skútahraun í Hafnarfirði. Viðbragðstími er metinn undir 10 mínútum. Slökkviliðið getur þurft að aðstoða við rýmingu frá öruggom svæðum í stigahúsum og frá svölum. Slökkvivatnsþörf fyrir bygginguna er reiknuð um 27 l/s. **Burðarvirki við bruna**
Meginburðarvirki verður steinsteyptr R90, þ.e. berandi veggir og hæðarskil REI90. Þakplötur skulu uppfylla a.m.k. R60. Burðarvirki svala verða REI90 og burðarvirki stiga skulu uppfylla A-R30. **Viðhald brunavarna**
Viðhald og eftirlit með brunavörnum skal vera skv. reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit. Gera skal þjónustusamninga um viðhald og eftirlit með neyðarlýsingu, vatnsúðakerfi, sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi og handslökkvibúnaði í sameign.

Hljóðvistarhönnun:
Hönnun byggingarinnar miðast að því að kröfur til hljóðvistar skilgreindar í flokki C í staðlinum ÍST 45 séu uppfylltar, eins og kvæðið er á um í byggingareglugerð nr. 112/2012. Fullnægjandi hljóðeinaangrun verður tryggð með því að þeita þekktum lausnum við uppbyggingu veggja og gólfplatna sem og við val á hurðum og gluggum. Uppbyggingar gólfplatna og gólfefni verða valin m.a. með högghljóðstigi í nálægum rýmum í huga. Frágangur tæknibúnaðar í byggingunni verður með þeim hætti að kröfur til hljóðvistar verða uppfylltar, jafnt til lofthljóðeinaangrunar milli rýma sem og hljóðstigs frá tæknibúnaði. Um hávaða frá umferð glidir einnig reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Ekki er talin ástæða til að ætla að hljóðstig utan við húsveggi eða á lóð yfirstigi kröfur reglugerðarinnar. Kröfur um hljóðstig innanhúss eru uppfylltar með flestum hefðbundnum gluggagerðum. Nánari upplýsingar um kröfur og aðgerðir er að finna í greinargerð um hljóðvist.



ÚTGÁUFERILL				
NR.	DAGS.	SKÝRINGAR	TEIKNAD AF	ÚTGEFIÐ AF
A	09.10.23	Merkingar á beygjuradius og björgunarsvæði slökkviliðs	EKP	EKP/SB
B	17.10.23	Texti uppfærður	EKP	EKP/SB
C	23.10.23	Texti uppfærður, afstöðumynd einfölduð	EKP/ML	EKP/SB
D	14.05.24	Byggingarlýsing, helstu stærðir uppfærðar	EKP/SK	SK/SB
Öl mál í millimetrum, staðfarir áður en framkvæmdir hefjast. Mælið ekki af teikningum. Misræmi í teikningum og önnur vafaatriði tilkynnst hönnunarsjóra strax. Lesa skal teikningar með víðeigandi verk lýsingum.				
LYKILMYND 				
 YRKI ARKITEKTAR Mýrarögúta 26, 101 Reykjavík Sími: 552 6629, yrki@yrki.is Kt: 560997-3109 · www.yrki.is				
DAGS. UNDIRSKR.		FH. YRKI ARKITEKTA (nafn & kennitala)		
		Sólveig Berg 260166-5819		
DAGS. UNDIRSKR.		HÖNNUNARSTJÓRI (nafn & kennitala)		
		Sólveig Berg 260166-5819		
VERKKAUPI:				
Miðhöfði ehf.				
VERK				
Hringhamar 27-29				
Aðaluppdrættir				
TEIKNING				
Afstöðumynd og byggingarlýsing				
TEIKNINGANÚMÉR				
B0				
DAGSETN.		MKV.		ÚTGÁFA
25.09.23		1 : 500		D
VERKNÚMÉR		TEIKNAD AF:		ÚTGEFIÐ AF:
V400		EKP/SB		EKP/SB
HÖNNUÐUR ÁSKULUR SÉR ALLAN RETT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HAD SKRIFLEGGU SAMÞYKKI - ©				

Skráningartafla: Hringhamar 27-29										Skráningart: Sigurður Kolbeinsson									
Landeignanúmer: 231982										Kennitala: 010566-5099									
Uppskipting og Dýng										Útgáfa: 5.00									
D0	D1	D2	D3	D4	D5	D6	D7	D8	D9	D10a	D10b	D11	D12	D13	D14	D15			
Lokun	Rétt	Nettú	Nettú	Eiginn	Botnflú	Milliflú	Op	Botnflú	Botnflú	Botnflú	Botnflú	Botnflú	Botnflú	Botnflú	Botnflú	Botnflú			
Lokun	Rétt	Nettú	Nettú	Eiginn	Botnflú	Milliflú	Op	Botnflú	Botnflú	Botnflú	Botnflú	Botnflú	Botnflú	Botnflú	Botnflú	Botnflú			



0. hæð kjallari
1 : 100

- SKÝRINGAR
- Stjórnskið brunaviðvörðunarkerfis
 - Brunaslanga 30 metrar
 - Handslökkviltæki
 - Inndæling fyrir vatnsúðakerfi
 - Stigleiðsla
 - Útljós
 - Reykskynjari
 - Samtengdur reykskynjari
 - LR Lokað rými
 - GNF Gólfurdufall
 - PNF Þakniðurfall

ÚTGAUFERILL				
NR.	DAGS.	SKÝRINGAR	TEIKNAD AF	ÚTGEFIÐ AF
A	17.10.23	Veggir upplærðir hjá bílastæðum og geymsluhurðir upplærðar	EKP	EKP/SB
B	23.10.23	Málseiningar upplærðar	EKP/ML	EKP/SB
C	27.10.23	Aðhafnasvæði fyrir hjólastól og málseiningum bætt við, bílastæði breikjað.	EKP/ML	EKP/SB
D	14.05.24	Öruggt svæði við innkeyrslu breytt	EKP/SB	EKP/SB

Öll mál í millimetrum; staðfærast áður en framkvæmdir hefjast. Mælið ekki af teikningum. Misræmi í teikningum og önnur vafastíðri tilkynnist hönnunarstjóra strax. Lesa skal teikningar með viðeigandi verkýsingum.





YRKI ARKITEKTAR
Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
Sími: 552 6629 · yrki@yrki.is
Kt: 560997-3109 · www.yrki.is

DAGS. UNDIRSKR.	FH. YRKI ARKITEKTA (nafn & kennitala)				
	Sölveig Berg 260166-5819				
DAGS. UNDIRSKR.	HÖNNUNARSTJÓRI (nafn & kennitala)				
	Sölveig Berg 260166-5819				
VERKKAUPI:	Miðhöfði ehf.				
VERK	Hringhamar 27-29 Aðaluppdrættir				
TEIKNING	Grunnmynd, kjallari				
TEIKNINGANÚMÉR	B10				
DAGSETN.	25.09.23	MKV.	1 : 100	ÚTGAFA	D
VERKNUMER	V400	TEIKNAD AF:	EKP/ML	ÚTGEFIÐ AF:	EKP/SB
HÖNNUNUR ÁSKILUR SER ALLAN RÉTTA Á TEIKNINGUM - FJÓLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGS SAMÞYKKI ©					